

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hitaveitustjórn og bæjarstjórn Seltjarnarness staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. febrúar 1983 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi fellt eldri gjaldskrá sama efnis nr. 710 30. nóvember 1982.

*Iðnaðarráðuneytið, 28. febrúar 1983.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

28. febrúar 1983

Nr. 100

## AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Mosfellshepps nr. 108 10. febrúar 1977, með síðari breytingum.**

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjald fyrir afnot heita vatnsins er sem hér segir:

- a) Fastagjald, kr. 54,40 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.  
 b) Vatnsgjald kr. 138,00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils sem skiptist þannig:
- |                |           |
|----------------|-----------|
| Flutningsgjald | kr. 45,90 |
| Heitt vatn     | kr. 92,00 |

6. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Heimæðargjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss:	Heimæðar- gjald
--------------	--------------------

(utanmál) m<sup>3</sup>

Allt að 600 m<sup>3</sup> kr. 35 880,00.

600— 2 000 m<sup>3</sup> kr. 35 880,00 fyrir 600 m<sup>3</sup> + kr. 22,30 pr. m<sup>3</sup> þar yfir.

2 000— 6 000 m<sup>3</sup> kr. 67 100,00 fyrir 2 000 m<sup>3</sup> + kr. 19,30 pr. m<sup>3</sup> þar yfir.

6 000—10 000 m<sup>3</sup> kr. 144 300,00 fyrir 6 000 m<sup>3</sup> + kr. 16,80 pr. m<sup>3</sup> þar yfir.

Meira en 10 000 m<sup>3</sup> kr. 211 500,00 fyrir 10 000 m<sup>3</sup> + kr. 14,70 pr. m<sup>3</sup> þar yfir.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum hemlum eða mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 3 000,00 í aukagjald fyrir hvern hemil eða mæli umfram þann fyrsta. Heimæðargjald skal greiðast þegar heimæð hefur verið lögð; áður en hún tengist hitakerfi hússins skv. þágildandi gjaldskrá.

10. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð húseiganda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er, kr. 178,00 í hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Mosfellshrepps staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. febrúar 1983 með tilvísun til auglýsingar nr. 34/1983 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

*Íðnaðarráðuneytið, 28. febrúar 1983.*

F. h. r.  
**Páll Flygenring.**

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 101

28. febrúar 1983

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Bessastaðahrepps nr. 428 14. ágúst 1980.

3. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 13,10 fyrir hvern rúm-metra vatns.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir bilar, áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla, ef þess er óskað.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Hitaveitan leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli á mánuði:

- |  |            |
|--|------------|
| a) fyrir mæla til og með $3/4''$ ..... | kr. 67,60  |
| b) fyrir mæla $1''$ og stærri .....    | kr. 150,00 |

5. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Hitaveitugjöld samkvæmt 3. og 4. grein verða krafín mánaðarlega, þegar eftir mæli-sálestur.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 64,20.

7. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Heimæðargjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húsa:  
(utanmál)  $m^3$

Heimæðargjald.

Allt að 400 kr. 20 630,00

400—2 000 kr. 20 630,00 fyrir  $400 m^3 + 16,30 kr/m^3$  þar yfir.

Meira en 2 000 kr. 46 710,00 fyrir  $2 000 m^3 + 14,00 kr/m^3$  þar yfir.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 1 880,00 í aukagjald fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta.

11. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.